



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**112. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 9. desember 2022
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir, Björg Fenger, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Dagskrá:

Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

1. Hamranes, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, skipulagslýsing - 2005006

Fyrirliggjandi er bréf verkefnastjóra umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dags. 25.11.2022 þar sem óskað er umsagnar vegna ofangreinds. Einnig er fyrirliggjandi umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 5. desember 2022.

Gestir

Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar - 13:30

Umsögn samþykkt.

2. Hraun vestur - Breyting Aðalskipulag Hafnarfjarðar - skipulagslýsing - 2005004

Fyrirliggjandi er bréf verkefnastjóra umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dags. 4.11.2022 þar sem óskað er umsagnar vegna ofangreinds. Einnig er fyrirliggjandi umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 5. desember 2022.

Gestir

Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar - 13:40

Umsögn samþykkt.

3. Græni stígurinn - 1701003

Á 111. fundi var eftirfarandi bókað: Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að hefja undirbúning að erindi til sveitarfélaganna um mögulegt samstarf um skipulag og uppbyggingu græna stígsins. Jafnframt að skoðað verði fá forgreiningu á umfangi, kostnaði og utanumhaldi verkefnisins.

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 5. desember 2022 þar sem lagt er til að svæðisskipulagsnefnd láti vinna frumgreiningu á legu stígsins ásamt fleiri greiningu á fleiri álitaefnum.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Tillaga skv. minnisblaði samþykkt, verðfyrirspurn og greining hefjist í framhaldi fundar. Einnig verði haft samráð við Skógræktarfélag Íslands.

4. Áherslur svæðisskipulagsnefndar 2022 til 2026 - Leiðarljós 4 heilnæmt umhverfi - 2211005

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 5.12.2022 um markmið 4.1. í svæðisskipulagi.

Lagt fram til kynningar

5. Kleppsgarðar - aðalskipulagi Reykjavíkur - skipulagslýsing - 2211001

Fyrirliggjandi er bréf skrifstofustjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur dags. 09.11.2022 þar sem óskað er umsagnar vegna ofangreinds. Tilgangur skipulagsins er að koma fyrir byggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 5. desember 2022.

Umsögn samþykkt.

6. Tillaga að verklagi að ritun umsagna svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Fyrirliggjandi er eftirfarandi tillaga formanns að verklagi við ritun umsagna svæðisskipulagsnefndar:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir eftirfarandi verklagreglur vegna umsagna um breytingar á skipulagsáætlunum sem henni berast.

Þegar umsagnarbeiðni berst nefndinni metur svæðisskipulagsstjóri hvort breytingin varði málefni svæðisskipulags og ritar tillögu að umsögn svæðisskipulagsnefndar, út frá stefnu svæðisskipulags, sem lögð eru fyrir næsta fund nefndarinnar. Nefndin afgreiðir drögin með því að samþykkja þau, synja þeim, eða gera á þeim breytingar.

Ef næsta reglulega fund nefndarinnar ber upp eftir auglýstan umsagnarfrest skipulagstillögu getur svæðisskipulagsstjóri óskað eftir fresti við viðkomandi sveitarfélag til að skila umsögn þangað til eftir fund nefndarinnar.

Í sumarhléum nefndarinnar getur svæðisskipulagsstjóri skilað inn umsögnum við skipulagsáætlanir sem eru þá merktar „umsögn svæðisskipulagsstjóra“. Þær skulu lagðar fram til kynningar á fyrsta fundi nefndarinnar eftir sumarhlé.

Tillaga samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:50.